



---

# LÁNAMÁL RÍKISINS

---

## SÝNISHORN

**SAMNINGUR Í TENGLUM VIÐ ÚTGÁFU  
RÍKISVERÐBRÉFA OG  
VIÐSKIPTAVAKT Á EFTIRMARKAÐI**

# Samningur í tengslum við útgáfu ríkisverðbréfa og viðskiptavakt á eftirmarkaði

Seðlabanki Íslands, kt. 560269-4129 fyrir hönd ríkissjóðs, hér eftir nefndur Seðlabankinn, og xxxxxxxxxxxxxxx hf, kt. xxxxxx-xxxx, hér eftir nefndur aðalmiðlari, gera með sér eftirfarandi samning í tengslum við útgáfu ríkisverðbréfa og viðskiptavakt á eftirmarkaði.

Samningur þessi er samhljóða samningum sem gerðir hafa verið við aðra aðalmiðlara, dagsettir sama dag og samningur þessi.

Markmið þessa samnings er að viðhalda aðgengi ríkissjóðs að lánsfé og að efla verðmyndun á eftirmarkaði með ríkisverðbréf.

## 1. gr.

### Útboð ríkisverðbréfa og aðgangur aðalmiðlara að þeim

- (i) Útboð ríkisverðbréfa verða haldin með reglubundnum hætti og tilkynnt í fréttakerfi NASDAQ OMX á Íslandi a.m.k. tveimur viðskiptadögum fyrir útboð.
- (ii) Einungis aðalmiðlarar hafa heimild til þess að leggja fram tilboð í útboðum ríkisverðbréfa.
- (iii) Eftir að niðurstöður útboðs ríkisverðbréfa liggja fyrir getur Seðlabankinn boðið allt að 10% af nafnverði þess sem selt var í útboðinu til aðalmiðlara á meðalverði samþykktra tilboða. Hver aðalmiðlari sem á samþykkt tilboð í undangengnu útboði öðlast kauprétt í hlutfalli af keyptu magni. Dæmi: Aðalmiðlari kaupir 1 ma.kr. í útboði og á því kauprétt á 100 m.kr. til viðbótar á meðalverði samþykktra tilboða í útboðinu.

## 2. gr.

### Skyldur aðalmiðlara í útboðum

Aðalmiðlari skuldbindur sig til að leggja fram tilboð að lágmarki 100 m.kr. að nafnverði í hverju útboði. Tilboð skulu vera í samræmi við útboðsskilmála og taka mið af markaðsverði þegar útgefina flokka ríkisverðbréfa og annarra fjármálaafurða sem talist geta svipaðar á hverjum tíma. Ef aðalmiðlari einhverja hluta vegna sendir ekki inn tilboð í einstöku útboði og tilkynnir ekki um ástæður þess áður en útboðsfrestur rennur út hefur Seðlabankinn heimild til þess að lækka þóknun til hans sbr. 5. gr. um eina milljón króna í hvert sinn sem slíkt gerist.

## 3. gr.

### Skyldur aðalmiðlara á eftirmarkaði

Aðalmiðlari skuldbindur sig til þess að setja fram kaup- og sölutilboð í NASDAQ OMX á Íslandi fyrir opnun markaðar í þá flokka sem falla undir 7. grein. Tilboð skulu að lágmarki vera 100 m.kr. að nafnverði í hverjum flokki. Jafnframt er aðalmiðlara skylt að endurnýja tilboð sín í kauphöllinni innan 10 mínútna frá því að þeim hefur verið tekið.

Hámarksmunur kaup- og sölutilboða aðalmiðlara ákvarðast af verði gildra tilboða. Hámarksmunur kaup- og sölutilboða er ákveðinn eftir líftíma til gjalddaga á viðskiptadegi og má mest vera:

Líftími	Hámarksmunur
4 til 12 mánuðir	0,10%

1 til 2 ár	0,15%
2 til 4 ár	0,25%
4 til 6 ár	0,30%
6 til 9 ár	0,40%
9 til 12 ár	0,50%
12 ár og lengra	0,80%

Eftirtalin ríkisverðbréf falla ekki undir kröfur um hámarksmun kaup- og sölutilboða. Aðalmiðlari er þó skuldbundinn til að leggja fram kauptilboð fyrir 100 m.kr. í hverjum þeirra:

Líftími	Hámarksmunur
Ríkisverðbréf til fjögurra mánaða og minna.	Ekki skilgreindur hámarksmunur. Kauptilboð skal lagt fram

Eigi aðalmiðlari viðskipti á einum viðskiptadegi fyrir 600 m.kr. að nafnvirði í tilteknum flokki (viðskipti tilgreind "AUTO") er honum heimilt að víkja frá hámarksmun kaup- og sölutilboða sem getið er um í framangreindri töflu í þeim flokki þann dag.

Aðalmiðlari heimilar Seðlabankanum aðgang að upplýsingum um tilboð og viðskipti sín í NASDAQ OMX á Íslandi hvað varðar alla flokka ríkisverðbréfa. Aðalmiðlari heimilar einnig birtingu upplýsinga sem varða markaðshlutdeild hans á frummarkaði.

#### 4. gr.

##### **Samskipti og upplýsingagjöf**

Aðalmiðlari skal tilgreina starfsmann sinn sem tengilið við Seðlabankann vegna ákvæða í samningi þessum. Seðlabankinn heldur fundi með aðalmiðlurum eftir því sem hann telur þörf á. Seðlabankinn getur óskað eftir því að fá upplýsingar um hverjir eru kaupendur í útboðum ríkisverðbréfa skipt eftir tegundum fjárfesta.

#### 5. gr.

##### **Greiðsla og útreikningur þóknunar**

Þóknunin skiptist í eftirfarandi hluta:

- (i) Seðlabankinn greiðir aðalmiðlurum 0,07% þóknun af markaðsverði samþykktra tilboða í útboðum ríkisbréfa með lengri tíma til gjalddaga en 3 ár. Seðlabankinn greiðir 0,03% þóknun af markaðsverði samþykktra tilboða í útboðum ríkisbréfa með gjalddaga eftir 3 ár eða skemur. Þóknunin skal meðhöndlast þannig að á uppgjörstigi útboðs skal þóknunin dragast frá greiðslu aðalmiðlara vegna kaupa á ríkisbréfum. Engin þóknun verður greidd vegna útboða ríkisvixla.
- (ii) Seðlabankinn greiðir aðalmiðlara 15. desember 2010 og 16. júní 2011 þóknun sem reiknuð er af markaðshlutdeild hans í viðskiptum allra aðalmiðlara í NASDAQ OMX á Íslandi (viðskipti tilgreind „AUTO“) með þá flokka sem tilgreindir eru í 7. gr. síðustu sex almanaksmánuði á undan. Til ráðstöfunar fyrir alla aðalmiðlara eru í hvort sinn samtals 55 m.kr.

6. gr.

### **Kaup útgefanda**

Seðlabankinn getur boðið upp á skiptiútboð á flokkum sem þessi samningur nær yfir þ.e. að selja ríkisverðbréf gegn afhendingu á öðru bréfi. Seðlabankinn getur einnig keypt ríkisverðbréf sem eiga fjóra mánuði eða minna til gjalddaga og aðra flokka sem þessi samningur nær ekki yfir í sama skyni.

### **Annað**

7. gr.

Flokkar sem samningur þessi nær til varðandi viðskiptavakt á eftirmarkaði eru: RIKB 10 1210, RIKB 11 0722, RIKB 13 0517, RIKB 19 0226, RIKB 25 0612, RIKS 21 0414 og aðrir flokkar ríkisbréfa og ríkisvixla sem gefnir verða út á samningstímanum.

8. gr.

Ef alvarleg markaðstruflun á sér stað getur Seðlabankinn að undangengnum símafundi og að fengnu samþykki aðalmiðlara fellt einstök ákvæði þessa samnings tímabundið úr gildi.

9. gr.

Aðalmiðlarar hafa einir aðgang að sérstakri fyrirgreiðslu (verðbréfalánun) sem Seðlabankinn veitir aðalmiðlurum. Seðlabankinn setur sérstakar reglur um fyrirgreiðslu sem veitt er til aðalmiðlara.

10. gr.

Seðlabankinn áskilur sér rétt til að gera samhljóða samninga við nýja aðalmiðlara á samningstímanum og myndi slíkur samningur gilda frá undirskrift og ekki vera afturvirkur hvað varðar hlutdeild í þóknunum.

11. gr.

Samningur þessi tekur gildi 1. júní 2010 og gildir til 31. maí 2011. Hvor samningsaðili um sig getur sagt upp samningnum með 2ja mánaða fyrirvara. Telji annar samningsaðilinn að alvarleg brot hafi verið gerð á samningnum getur hann sagt honum upp án fyrirvara. Með samningi þessum falla úr gildi eldri samningar á milli samningsaðila í tengslum við útgáfu ríkisverðbréfa og viðskiptavakt á eftirmarkaði.

Samningsaðilar eru sammála um að hefja endurskoðun á samningi þessum eigi síðar en 1. maí 2011.

Reykjavík, 14. maí 2010

SEÐLABANKI ÍSLANDS  
F.h. ríkissjóðs

XXXXXXXXXXXX HF